

Fimm kvikmyndir tilnefndar til Kvikmyndaverðlauna Norðurlandaráðs 2017

Fimm kvikmyndir eru tilnefndar til Kvikmyndaverðlauna Norðurlandaráðs 2017, og eru þær allar fyrstu kvikmyndir leikstjóra í fullri lengd.

Kvikmyndirnar fimm sem tilnefndar eru:

Finnland: **Little Wing** (á frummáli: *Tyttö nimeltä Varpu*)
í leikstjórn Selma Vilhunen (leikstjóri, handrit) Framleiðendur: Kai Nordberg, Kaarle Aho.

Danmörk: **Parents** (á frummáli: *Forældre*)
í leikstjórn Christian Tafdrup (leikstjóri, handrit). Framleiðandi: Thomas Heinesen.

Ísland: **Hjartasteinn** (enskur titill: *Heartstone*)
í leikstjórn Guðmundar Arnar Guðmundssonar (leikstjóri, handrit). Framleiðendur: Anton Máni Svansson, Lise Orheim Stender, Jesper Morthorst og Guðmundur Arnar Guðmundsson.

Noregur: **Hunting Flies** (á frummáli: *Fluefangere*)
í leikstjórn Izer Aliu (leikstjóri, handrit). Framleiðandi: Khalid Maimouni.

Svíþjóð: **Sami Blood** (á frummáli: *Sameblod*)
í leikstjórn Amanda Kernell (leikstjóri, handrit). Framleiðandi: Lars G. Lindström.

Um Kvikmyndaverðlaun Norðurlandaráðs:

Markmið verðlauna Norðurlandaráðs er að auka áhuga á norrænu menningarsamfélagi og samstarfi um umhverfismál, svo og að veita verkefnum sem skarað hafa fram úr á sviði lista eða umhverfismála athygli. Verðlaununum er einnig ætlað að vekja athygli á norrænu samstarfi og auka sýnileika þess. Kvikmyndaverðlaunin verða veitt mynd sem hefur mikið menningarlegt gildi, er framleidd á Norðurlöndum, er í fullri lengd og gerð til sýningar í kvikmyndahúsum. Myndin verður að hafa verið frumsýnd í kvikmyndahúsum á tímabilinu 1. júlí 2016 til 30. júní 2017.

Verðlaunaupphæðin nemur 350 þúsund dönskum krónum og skiptist jafnt milli handritshöfundar, leikstjóra og framleiðanda. Það undirstrikar að kvikmyndagerð sem listgrein er fyrst og fremst afurð náins samspils þessara þriggja þátta.

Louder Than Bombs vann verðlaunin árið 2016 í leikstjórn Joachim Trier, en tvisvar sinnum hafa verðlaunin verið veitt íslenskum kvikmyndum, *Fúsi* í leikstjórn Dags Kára (2015), *Hross í Oss* í leikstjórn Benedikts Erlingssonar (2014).

Vinningshafinn verður tilkynntur við hátíðlega athöfn miðvikudaginn 1. nóvember 2017 í tengslum við þing Norðurlandaráðs í Helsinki.

Fyrir fjölmiðla:

Nánari upplýsingar má finna á eftirtöldum vefsíðum:

www.nordiccouncilfilmprize.com,

www.nordiskfilmogtvfond.com, www.norden.org, <https://www.facebook.com/nordiccouncilfilmprize>

Allar nánari upplýsingar veitir Ása Baldursdóttir, dagskrárstjóri Bíó Paradís, á netfanginu asa@bioparadis.is og í síma 661 1364.